



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/292

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 127/150*  
*komudagur 20.11.2001*

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
108 Reykjavík.

20. nóvember 2001

**Efni: Um tillögu til þingsályktunar um tryggingarskilmála váttryggingafélaga, 59. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Flutningsmenn leggja til að viðskiptaráðherra verði falið “að skipa nefnd, sem hafi það hlutverk að endurskoða ákvæði laga um váttryggingastarfsemi (sic!), er lúta að tryggingarskilmálum með það að markmiði að ábyrgð og skyldur váttryggingafélaga gagnvart tryggingartaka verði skilgreindar nánar en nú er gert”. Váttryggingastarfsemi er mjög forbundin og gilda um hana allviðamikil lög og reglugerðir. Höfuðlagabálgarnir eru þó tveir, þ.e. annars vegar lög um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 með síðari breytingum og lög um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 með síðari breytingum. Váttryggingastarfsemi er ein grein fjármálaþjónustu, og í lögum um váttryggingastarfsemi er einkum fjallað um atriði er snúa að stofnun, skráningu, stjórnun og rekstri váttryggingafélaga. Eru íslensk lög í þessu efni í samræmi við reglur Evrópusambandsins. Í lögum um váttryggingarsamninga er fjallað um samskipti váttryggingafélags og váttryggingartaka, þ.á.m. um atriði er lúta að gerð váttryggingarsamningsins. Af efni tillögunnar og greinargerðar, sem henni fylgir, sýnist fremur sem flutningsmenn vilji að lög um váttryggingarsamninga verði endurskoðuð, en ekki lögin um váttryggingastarfsemi eins og þeir þó tiltaka.
2. Viðskiptaráðherra hefur þegar skipað nefnd til að endurskoða lög um váttryggingarsamninga, og er sú nefnd að störfum. Sýnist því óþarft með öllu að skipa aðra nefnd til að huga að þeim atriðum, sem flutningsmenn nefna til sögu í þingsályktunartillögu sinni, enda eru sömu atriði til athugunar í

nefndinni, sem nú starfar. Frekari meðferð máls þessa á Alþingi er því vart eða ekki nauðsynleg. Efnahags- og viðskiptanefnd gæti hins vegar til áréttingar sent málið til viðskiptaráðherra með beiðni um, að ráðherra sendi það til skoðunar í þeirri nefnd, sem nú endurskoðar lögum um váttryggingarsamninga.

Samband íslenskra tryggingafélaga þakkar að endingu efnahags- og viðskiptanefnd fyrir það að hafa verið gefinn kostur á því að tjá sig um mál þetta.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson